

11. fundur Hverfisráðs Raufarhafnar.

Á haustdögum var skipað nýtt hverfisráð það eru:

Aðalmenn:

Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir

Kristjana Bergsdóttir

Kristinn Hrannar Hjaltason

Varamenn:

Ragnar Tómasson

Elva Björk Óskarsdóttir

Bergdís Jóhannsdóttir

Fyrsti fundur nýs ráðs haldin í stjórnsýsluhúsinu „Ráðhúsinu“ 28.10.2019 kl 17:00

Mætt voru: Ragnar Tómasson, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Kristjana Bersdóttir, Bergdís Jóhannsdóttir og Kristinn Hrannar Hjaltason. Nanna Steina Höskuldsdóttir sat einnig fundinn.

Fundargerð:

- 1) Stjórn skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:
Formaður, Ingibjörg Sigurðardóttir.
Ritari, Kristjana Bergsdóttir.
Meðstjórnandi, Kristinn Hrannar Hjaltason
- 2) Farið yfir svarbréf frá Orkuveitu Húsavíkur ohf þ. 20.okt 2019: *Efni: Kottjörn og Litlatjörn – Borun og dæluþrófun holu RA-19 á Raufarhöfn.*
- 3) Fundurinn ítrekar fyrri ábendingar og óskir um viðhald og uppbyggingu eigna á Raufarhöfn, sjá eftirfarandi: Margar eignir á Raufarhöfn eru búnar að vera í viðhaldsþörf í fjölda ára. Það er því nauðsynlegt að framkvæmdir og viðhald haldi áfram jafnt og þétt. Hverfisráð leggur sérstaklega áherslu á þakskipti á ráðhúsi, kvennaklósett í félagsheimili, þakviðgerðir til að stöðva leka í félagsheimili og endurbætur á tjaldstæði.
Einnig ítrekar hverfisráð það að reynt sé eftir fremsta megni að ráða heimamenn í þessi verk. Það hefur góð samfélagsáhrif sem og sparar mikinn ferðakostnað.
 - a) **Grunnskóli Raufarhafnar**
 - Klæða þarf norðurhlið skólans sem fyrst.
 - Skipta þarf um glugga.
 - b) **Sundlugarhús**
 - Lagfæra þarf lagnakerfi vegna upphitunarbúnaðar sundlaugar.
 - Mála þarf húsið að utan og innan.
 - Loftplötur.
 - c) **Íþróttahús**
 - Endurnýja þarf ljós í íþróttasalnum.
 - Lagfæra þarf gólfið í salnum.
 - d) **Félagsheimilið Hnitbjörg.**
 - Nauðsynlegt er að gera við þak hússins, húsið liggur undir skemmdum.

- Skipta þarf um glugga.
 - Klæða þarf húsið að utan sem fyrst.
 - Nýtt gólfefni þarf í eldhúsið.
 - Aðstaða á kvennaklósetti þarfnast viðgerðar.
- 4) Fundurinn lýsir yfir eindreginni ósk um að á fjárhagsáætlun 2020 verði gert ráð fyrir uppsetningu á öryggisvöktun á Raufarhöfn með tveimur eftirlitsmyndavélum, við austur- og vesturenda aðalgötunnar er liggur gegnum bæinn. Hrina endurtekinna innbrota um hábjartan dag, hefur skaðað fjárhagslega og skapað óhug og óöryggi íbúa og fyrirtæki á Raufarhöfn og nágrenni undanfarin misseri. Samhliða þessu óskum við eftir að fá nágrannavörslumerkingar í þorpið.
- 5) Hverfisráð ítrekar ósk sína vegna ærslabelgs á Raufarhöfn. Og reiknar með að gert sé ráð fyrir honum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 eins og lagt var upp með þegar slíkir belgir voru settir upp á Kópaskeri og á Húsavík sumarið 2019
- 6) Formaður spyr um stöðu mála varðandi SR lóð og hverjir eru í nefndinni fyrir hönd Raufarhafnar? Hverfisráð leggur til að Ragnar Tómasson komi fyrir hönd hverfisráðs inn í SR nefndina. Tíminn er á þrotum, fohætta er mikil, eitthvað þarf að gera. Hverfisráð óskar eftir fundi með aðilum nefndarinnar, sveitastjóra og öðrum hluteigandi vegna þessa sem fyrst.
- 7) Góð sundlaug og aðstaða til leikfímkennslu er á Raufarhöfn. Hvernig er hægt að auka notkun á húsinu ? Hverfisráðið leggur því til að stjórnarsýslan beini til skólastjórnenda í sveitarfélaginu, að nýta sundlaug og íþróttahús Raufarhafnar, ekki síst fyrir skólabörn búsett í Öxarfirði og Kelduhverfi.
Núverandi verktakar hafa sýnt áhuga á halda áfram rekstri í húsinu en samkvæmt upplýsingum hverfisráðs eru forsendur Norðurbings breyttar frá fyrri tímabili og er það algjörlega óásættanlegt að hálfu ráðsins að lækka eigi kostnað með því að skerða þjónustustig og minna opnun þegar verið er að vinna að því hörðum höndum að koma Raufarhöfn á kortið fyrir ferðamenn og aðra.
- 8) Hverfisráð óskar eftir því að embættismenn Sveitarfélagsins og fulltrúar stjórnarsýslunnar sem koma til Raufarhafnar í embættiserinadagjörðum hafi samband við verkefnisstjóra í stjórnarsýsluhúsi með fyrirvara, sem þá gæti upplýst íbúa. Slíkt myndi bæta samskipti, auka sýnileika, og upplýsingamiðlun til íbúa.
- 9) Hverfisráð óskar eftir lista yfir eignir sveitarfélagsins, staðsettar á Raufarhöfn, sem og rekstrarkostnað fyrir hverja eign.

Fundi slitið 18:10

K. M.

Ragnbjörg Bergsdóttir
Bergdís L. Jóhannsdóttir
Ingibjörg Halvora

deanor